



Knattspyrnudeild Stjórnunnar
Sæmundur Friðjónsson, formaður
Þorvaldur Örlygsson, rekstrarstjóri

Reykjavík, 12. maí 2023

Úrskurður: Atvik í leik Stjórnunnar og ÍBV í Bestu deild kvenna 2. maí 2023

Á fundi aga- og úrskurðarnefndar KSÍ þann 9. maí sl., var tekið fyrir erindi sem framkvæmdastjóri KSÍ sendi til nefndarinnar með vísan til greinar 19.2. í lögum KSÍ og 5. greinar reglugerðar KSÍ um aga- og úrskurðarmál. Erindið varðaði atvik er átti sér stað í leik Stjórnunnar og ÍBV í Bestu deild kvenna þann 2. maí 2023. Erindið barst nefndinni þann 9. maí sl. og var þá ákveðið að gefa hlutaðeigandi aðilum kost á að skila skriflegri greinargerð um málið fyrir kl. 12:00 fimmtudaginn 11. maí. Að beiðni knattspyrnudeildar Stjórnunnar féllst aga- og úrskurðarnefnd á að veita Stjórnunni viðbótarfrest til að skila greinargerð, eða fyrir kl. 10 föstudaginn 12. maí.

Í samræmi við ákvæði 5.2. og 5.3. í reglugerð KSÍ um aga- og úrskurðarmál úrskurðar nefndin m.a. um önnur mál sem framkvæmdastjóri KSÍ eða aðrir, sem til þess hafa heimild, beina til nefndarinnar eða nefndin telur ástæðu til að hafa afskipti af vegna knattspyrnuleikja sem fram fara á Íslandi enda fjalli ekki aðrir um þau. Nefndin getur úrskurðað um alvarleg agabrot sem dómari og aðstoðarmenn hans sáu ekki í leik og brugðust því ekki við.

Á fundi aga- og úrskurðarnefndar 12. maí lá fyrir skrifleg greinargerð frá Stjórnunni dags. þann sama dag. Í greinargerð Stjórnunnar segir m.a.;

„Ekki verður annað ráðið af bréfi Aga- og úrskurðarnefndar til formanns og framkvæmdastjóra knattspyrnudeildar Stjórnunnar en að nefndin líti svo á að bréfið feli í sér upphaf kærumáls en ekki agamáls, þrátt fyrir tilvísanir framkvæmdastjórans í hugtakið agabrot og þrjú ákvæði agamálaáfla reglugerðinnar. Þannig er vísað til þess að bréfið sé greinargerð en það hugtak er aðeins notað í reglugerðinni þegar fjallað er um kærumál.“

[...] Feli bréfið í sér upphaf kærumáls en ekki agamáls er ótvíætt, samkvæmt frestákvæðum greinar 7.1 í reglugerðinni að efni þess er of seint fram komið.“

Aga- og úrskurðarnefnd hafnar þessu sjónarmiði knattspyrnudeildar Stjórnunnar. Aga- og úrskurðarnefnd getur ávallt í öllum málum óskað eftir skriflegum eða munnlegum athugasemdum frá Knattspyrnusambandi Íslands eða öðrum þeim er málið getur varðað, sbr. grein 4.3. reglugerðarinnar. Það að notast séð við hugtakið „greinargerð“ í stað hugtaksins „athugasemdir“ breyti því ekki hvernig það mál sem hér er til meðferðar er túlkað. Mál sem skotið er til aga- og úrskurðarnefndar á grundvelli greinar 5.3. fellur í flokk agamála líkt og heiti 5. greinar reglugerðarinnar ber með sér. Jafnvel þó mál þetta

félli í flokk kærumála, skal tekið fram að kærufrestur skv. grein 7.1. var ekki runnin út þegar greinargerð framkvæmdastjóra barst til aga- og úrskurðarnefndar. Það hefur verið viðtekin venja við túlkun nefndarinnar á frestákvæði greinar 7.1. að laugardagar og sunnudagar teljist ekki með í 5 daga kærufresti til nefndarinnar.

Nefndin tekur að hluta undir sjónarmið í greinargerð Stjórnunnar um að agamál eigi alla jafna upptök sín í skýrslum dómara og/eða eftirlitsmanna. Þó ber að líta til þess að í grein 5.3. reglugerðar KSÍ um aga- og úrskurðarmál er að finna undanþágu frá meginreglu í grein 5.1. um að nefndin úrskurði um þau atriði sem fram koma í atvikaskýrslum dómara og/eða eftirlitsmanna KSÍ. Skuli heimildarákvæði greinar 5.3. því aðeins beitt þegar öll skilyrði undanþáguheimildarinnar eru uppfyllt. Ákvæði greinar 5.3. gerir m.a. skýran áskilnað um að fyrir liggja alvarlegt agabrot í knattspyrnuleik sem dómari eða aðstoðarmenn hans sáu ekki í leiknum.

Fyrir aga- og úrskurðarnefnd liggja staðfestingar frá dómara, í leik Stjórnunnar og ÍBV þann 2. maí 2023, á því að atvik það sem lýst er í greinargerð framkvæmdastjóra hafi hvorki hann né aðstoðarmenn séð og því ekki brugðist við vegna þess. Því liggur ljóst fyrir að mati nefndarinnar að dómara og aðstoðarmönnum hans hafi verið ókleift að taka ákvörðun um atvik það sem um ræðir í samræmi við knattspyrnulögin byggða á mati þeirra á aðstæðum og því svigrúmi sem rammi laganna veitir. Ef um hefði verið að ræða atvik sem dómari hefði áður lagt mat á og tekið ákvörðun um inn á velli, þá skal tekið fram að sú ákvörðun hefði ekki getað sætt endurskoðun aga- og úrskurðarnefndar á grundvelli greinar 5.3. Hér sé hins vegar um að ræða atvik sem ekki hefur áður sætt mati dómara eða aðstoðarmanna hans inn á velli og því sé skýr grundvöllur fyrir aga- og úrskurðarnefnd að leggja mat á og úrskurða um umrætt atvik í samræmi við grein 5.3.

Heimild til að styðjast við myndbandsupptökur við ákvörðun viðurlaga byggir aga- og úrskurðarnefnd á grein 5.5. reglugerðarinnar. Í máli þessu liggur hvorki fyrir skýrsla dómara og/eða eftirlitsmanns né önnur atvikalýsing til grundvallar. Þar sem ekki liggur fyrir atvikalýsing telur nefndin sér heimilt að styðjast við myndbandsupptökur við ákvörðun viðurlaga vegna agabrotá í því tilviki sem hér um ræðir, sbr. grein 5.5.

Að framansögðu og samkvæmt öðrum fyrirbyggjandi gögnum er það mat nefndarinnar að atvik það sem vitnað er til í greinargerð framkvæmdastjóra frá 9. maí sl. og jafnframt birtist á myndskreiði sem fylgir með greinargerð framkvæmdastjóra, sé alvarlegt agabrot. Í tilvitnuðu atviki sýnir leikmaður Stjórnunnar, Anna María Baldursdóttir, af sér óíþróttamannslega og hættulega hegðun er hún togar í hárið á Caeley Michael Lordemann leikmanni ÍBV. Atvik þetta hafi hvorki dómari né aðstoðarmenn hans séð í leik Stjórnunnar og ÍBV í Bestu deild kvenna þann 2. maí sl.

Hefur aga- og úrskurðarnefnd ákveðið, með vísan til ákvæða 5.2. og 5.3 í reglugerð KSÍ um aga- og úrskurðarmál, að úrskurða Önnu Maríu Baldursdóttur, leikmann Stjórnunnar, í tveggja leikja bann í Íslandsmóti vegna atviksins í framangreindum leik, samkvæmt 12. gr. sömu reglugerðar. Leikbann Önnu Maríu tekur gildi kl. 12 á hádegi næsta dag frá birtingu á úrskurði þessum.

Virðingarfyllt,
f.h. Aga- og úrskurðarnefndar KSÍ,

Haukur Hinriksson